

Ívar Jónsson

**Árangursmat á samningi ríkisins og
sveitarfélaganna á Austurlandi
frá 14. maí 2001 og 15. mars 2005
um menningarmál**

Verkbeiðandi:

Menningarráð Austurlands

Samantekt

Með tilliti til árangursmats á samningum ríkisins og sveitarfélaga á Austurlandi frá 2001 og 2005 eru megin niðurstöður þessarar skýrslu þessar:

- 1) Með tilliti til **skilgreinds tilgangs** samninga ríkisins og sveitarfélaga á Austurlandi um menningarmál frá 14. maí 2001 og 15. mars 2005 hefur orðið mikill árangur í eflingu menningarstarfs:
 - a) Talning á menningarviðburðum bendir til að menningarviðburðum fjölgaði úr 398 árið 1999 í 542 árið 2005. Mest aukning er í myndlistarviðburðum, en þeim fjölgaði um 306% á tímabilinu. Tónlistarviðburðum fjölgaði um 96% og viðburðum á sviði sviðslista fjölgaði um rúmlega 72%.
 - b) Talning á félögum í menningarstarfsemi bendir til að menningarstarfsemi sé mikil á Austurlandi því fjöldi félaga á menningarsviði á Íbúa á austurlandi er 1,6 sinnum meiri en landsmeðaltal og 1,5 sinnum meiri en í Reykjavík.
 - c) Í menningarmiðstöðvum á Austurlandi eru nú fjórar stöður með 60-100% starfshlutfall, helgaðar umsýslu menningarmála auk starfa sem starfsmenn sveitarfélaga inna af hendi á þessu sviði.
- 2) Með tilliti til **fjárhagslegs árangurs** hefur ríkið staðið við sín loforð um fjárframlög samkvæmt samningnum frá 15 mars 2005, þ.e. 36 millj. kr 2005, 37 millj. kr 2006 og 38 millj. kr 2007. Sveitarfélögin skuldbundu sig til að leggja fram 180 millj. kr árlega á tímabilinu 2005-7 eða 540 milljónir króna. Í reynd eru framlög sveitarfélaganna mun meiri en þessu nemur eða um 706 milljónir króna. Jafnfamt hafa sveitarfélögin aukið eigið framlag til Menningarráðs Austurlands vegna verkefnastyrkja umfram skuldbindingar samningsins. Sveitarfélögin ásamt bakhjörllum hafa þannig greitt um 13,5 milljónir króna á tímabilinu 2005-7 eða um þremur milljónum króna meira en gert er ráð fyrir í samningnum.
- 3) Í samningnum er gerð krafa um að Menningarráðið skilgreini **mælikvarða til að meta árangur af þeim verkefnum** sem það styrkir og að þessir mælikvarðar komi fram í samningum þess við styrkþega. Þetta hefur ekki verið gert. Einsýnt er að skilgreina þarf þessa mælikvarða.
- 4) Í könnun sem gerð var meðal 6 aðila sem hafa haldgóða yfirsýn yfir þróun menningarstarfsemi á Austurlandi síðan 2001, kemur í ljós að þessir aðilar staðfesta mikla aukningu á menningarstarfsemi á Austurlandi síðan 2001. Þetta er í samræmi við meginindlega greiningu á þróun þessara mála. Í könnuninni koma fram athyglisverðar **eiginlegar upplýsingar um óbein áhrif menningarstarfseminnar** á Austurlandi. Meðal annars kemur fram að aukin menningarstarfsemi hefur haft jákvæð áhrif á félagsauð íbúa austurlands, þ.e. menningarsamstarf aðila innan byggðarlaga, milli byggðarlaga á Austurlandi og milli landshluta hefur aukist verulega. Samfélagsleg samstarfsreynsla hefur því aukist mikið á umræddu tímabili. Aðilar á sviði menningarstarfsemi vinna mun markvisara en áður og kröfur um gæði starfseminnar eru mun meiri. Loks má nefna að vakin er athygli á að ný kynslóð hefur komið fram, sem alist hefur upp í hinu nýja menningarumhverfi. Þessi unga kynslóð er bæði þroskaðri menningarlega en ungmenni voru áður og hún sækir í vaxandi mæli í listanám og listsköpun.
- 5) Í samningum frá 2005 eru grundvallarhugtökinn 'menning' og 'menningarmál' ekki skilgreind. Aðkallandi er að ríki og sveitarfélög skilgreini þessi hugtök og árangursmælikvarða svo kerfisbundið og áreiðanlegt árangursmat geti farið fram á árangursbundnum samningum ríkis og sveitarfélaga og að slíkt mat geti verið framkvæmt með ásættanlegum hætti.
- 6) Stjórnvöldum hefur ekki tekist að tryggja '**jafnræðisárangur**' í framlögum ríkisins til menningarsamninga einstakra landshluta. Sem dæmi eru framlög á Íbúa á Vestfjörðum um 75% hærri en á Íbúa á Austurlandi

Efnisyfirlit

I. Inngangur	3
II. Framlög til menningarsamnings Austurlands samanborin við menningarsamninga annarra landshluta – mat á jafnræðisárangri	3
III. Árangursmælingar í ljósi markmiða samnings ríkis og sveitarfélaga á Austurlandi	4
IV. Árangursmat á menningarstarfsemi sem tengist samningi ríkis og sveitarfélaga á Austurlandi frá 15. mars 2005 um menningarmál.	5
IV.1) Árangursmat í ljósi skilgreiningar á tilgangi	5
IV.1.a) Að efla menningarstarf á Austurlandi	5
<i>IV.1.a.i. Fjöldi menningarviðburða</i>	<i>5</i>
<i>IV.1.a.ii. Fjölgun félaga og fyrirtækja á menningarsviðinu</i>	<i>7</i>
<i>IV.1.a.iii. Fjölgun starfa á menningarsviði hjá sveitarstjórnnum og í menningarmiðstöðvum</i>	<i>8</i>
IV.1.b) Að tryggja sem best frumkvæði og áhrif sveitarfélaganna við forgangsróðun verkefna og aukið samstarf þeirra við framkvæmd og stefnumótun menningarmála í landsfjórðungnum	9
IV.1.c) Samræming aðgerða á sviði menningarmála á Austurlandi	9
IV.2 Fjárhagslegur árangur	9
IV.3 Í samningum um styrki til menningarverkefna skulu koma fram markmið verkefna og hvaða mælikvarðar verða lagðir til grundvallar þegar árangur er metinn	10
V. Könnun meðal einstaklinga sem hafa haldgóða yfirsýn yfir þróun menningarstarfsemi á Austurlandi síðan 2001	11
<i>V.1. Samantekt á svörum könnunar.</i>	<i>12</i>
<i>V.2. Svör svarenda</i>	<i>13</i>
V. Hvernig standa má að árangursmati í framtíðinni	18
Viðauki 1	20
Flokkunarstaðlar Sameinuðu þjóðanna á hagnaðarlausum félögum	

I. Inngangur

Megin viðfangsefni þessarar skýrslu er að leggja mat á árangur af starfsemi þeirra aðila sem samningur um samstarf ríkis og sveitarfélaga á Austurlandi um menningarmál frá 15. mars 2005 kveður á um. Mat á árangri þessarar starfsemi er erfitt verkefni þar sem í samningnum er hvorki skilgreint hvað átt er við með hugtakinu menningarstarfsemi né hvaða árangursmælikvarða eigi að styðjast við. Auk þessa er aðferðafræðilega séð vandkvæðum bundið að greina að áhrif samningsins á menningarstarfsemi á Austurlandi frá áhrifum sem almennar efnahagsaðstæður og efnahagsleg margföldunaráhrif á svæðinu hafa á þróun umfangs menningarstarfseminnar.

Æskilegt er fyrir aðila að árangursbundnum verksamningnum og þá sem framkvæma árangursmat, að í samningum af þessu tagi sé gerð grein fyrir þeirri aðferðafræði og þeim mælikvörðum sem árangursmat á að byggja á.

Í þessari skýrslu verður stuðst við skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna á menningarstarfssemi, þ.e. ICNPO 1100 (sjá viðauka). Bóka-, blaða- og tímaritaútgáfa; útgáfa hljóðritaðs efnis; kvikmynda- og myndbandaútgáfa og dreifing; útvarps- og sjónvarpsstarfssemi; leiklistar-, myndlistar-, tónlistar- og önnur listastarfssemi; bóka- og skjalasöfn; söfn og varðveisla sögulegra staða og bygginga.

Í skýrslunni verða einkum magnbundnir mælikvarðar notaðir til að meta á árangur, en eigindlegum aðferðum við upplýsingaöflun verður beitt í síðasta hluta skýrslunnar, en hann byggir á viðtölum við aðila sem taldir eru að hafi góða yfirsýn yfir þróun mála (þ.e. 'álit bestu manna').

II. Framlög til menningarsamnings Austurlands samanborin við menningarsamninga annarra landshluta – mat á jafnræðisárangri

Á undanförunum árum og misserum hafa verið undirritaðir menningarsamningar menntamálaráðuneytisins og aðila fyrir hönd landshluta. Það er athyglisvert að í ljósi jafnræðisreglu í samskiptum hins opinbera og þegnanna að framlög til menningarsamninga landshluta eru mjög mismunandi mælt sem framlag á hvern íbúa. Eins og kemur fram í töflunni hér að neðan er hlutfallslega mest veitt til Vestfirðinga en minnst til Suðurnesja og

næst minnst til Vesturlands. Ef hægt er að tala um **jafnræðisárangur**, þá er ljóst að slíkur árangur er ekki mikill með tilliti til menningarsamninga.

Tafla 1


Framlög ríkis til menningarsamninga landshlutanna

	Framlög ríkis í		
	Íbúafjöldi	menningarsamningum	Framlög á íbúa í krónum
Suðurnes	18912	23	1216
Vesturland	15029	27	1797
Austurland (framlög 2007)	15446	38	2460
Vestfirðir	7461	32	4289
Norðurland Vestra	8814	32	3631

Heimildir: Hagstofa Íslands (2007) Heimasíða: Hagtölur; Menningarsamningar viðkomandi landshluta.

Mynd 1

Framlög ríkis til menningarsamninga landshlutanna



Heimildir: Hagstofa Íslands (2007) Heimasíða: Hagtölur; Menningarsamningar viðkomandi landshluta.

III. Árangursmælingar í ljósi markmiða samnings ríkis og sveitarfélaga á Austurlandi

Ofangreindur samningur tekur til þriggja sviða sem greina má með tilliti til árangursmats. Í fyrsta lagi er greint frá **tilgangi samningsins**, en hann er þríþættur: a) að efla menningarstarf á Austurlandi, b) að tryggja sem best frumkvæði og áhrif sveitarfélaganna við forgangsröðun verkefna og aukið samstarf þeirra við framkvæmd og stefnumótun menningarmála í landsfjórðungnum og, c) að samræma aðgerðir á sviði menningarmála á Austurlandi. Í öðru

lagi er vísað til **fjárhagslegra skuldbindinga** aðila samningsins og eru markmið tímasett í því sambandi. Loks, í þriðja lagi, er í samningnum kveðið á um að í samningum, sem Menningarráð Austurlands gerir við aðila þegar það úthlutar styrkjum til menningarverkefna, skulu koma fram **markmið verkefna** og hvaða **mælikvarðar** verða lagðir til grundvallar þegar árangur er metinn

IV. Árangursmat á menningarstarfsemi sem tengist samningi ríkis og sveitarfélaga á Austurlandi frá 15. mars 2005 um menningarmál.

Í starfi Menningarráðs hefur verið lögð áhersla á stuðning við menningarstarfsemi sem nær aðeins til hluta af þeirri menningarstarfsemi sem fellur undir ICNPO 1100 skv. staðli Sameinuðu þjóðanna. Kvikmynda- og myndbandaútgáfa og dreifing slíks efnis hefur nánast engan stuðning fengið. Menningarráð Austurlands hefur lagt áherslu á stuðning við leiklistar-, myndlistar-, tónlistar- og aðra listastarfsemi og atvinnusköpun fyrir starfandi listafólk.¹ Minni áhersla hefur lögð á að veita styrki til bóka-, blaða- og tímaritaútgáfu eða útgáfa hljóðritaðs efnis. Kvikmynda- og myndbandaútgáfa og dreifing slíks efnis hefur nánast engan stuðning fengið.

Hér að neðan verður lagt mat á árangur menningarstarfsseminnar á grundvelli þeirra þriggja megin viðmiða sem nefnd voru að ofan.

IV.1) Árangursmat í ljósi skilgreiningar á tilgangi:

IV.1.a) Að efla menningarstarf á Austurlandi:

Eflingu menningarstarfs má mæla með a.m.k. þrennum hætti: i. Fjölda menningarviðburða, ii. Fjölgun félaga og fyrirtækja á menningarsviðinu og, iii. Fjölgun starfa á menningarsviði hjá sveitarstjórnnum og í menningarmiðstöðvum

IV.1.a.i. Fjöldi menningarviðburða

Eins og kemur fram í töflunni hér að neðan voru 542 menningarviðburðir á Austurlandi 2005. Frá þessum viðburðum var greint í blöðum og tímaritum eða þeir aulýstir í ritmiðlum. Tónlistarviðburðir að meðtöldum trúbadúr-tónleikum er tíðasta form menningarstarfsemi eða rúmlega helmingur viðburða. Myndlistarviðburðir fylgja þar á eftir, en 65 slíkir viðburðir áttu sér stað árið 2005. Nokkuð er mismunandi eftir stöðum á hvaða sviði menningarviðburður átti sér stað. Þannig var rúmlega helmingur bókmenntaviðburða á Egilsstöðum og Skriðuklaustri.

¹ Viðtal við Signýju Ormarsdóttur menningarfulltrúa.

Tafla 2**Menningarviðburðir á Austurlandi 2005 sem greint var frá og/eða auglýstir voru í fjölmiðlum**

	Sviðslistir	Bókmenntir	Tónleikar	Trúbadúr	Djass- hátíð og LungA (meira en 1 dagur)	Myndlist	Kvikmyndir	Saga, fyrirlestrar og handverka- sýningar	Dansleikir, bæjar- eða héraðs- hátíðir og önnur afþreying*	Samtals
Borgarfjörður	1	1	4	1			2			9
Breiðdalur						3			1	4
Brúarás	1	1	2							4
Djúpavogur			2					1		3
Egilsstaðir	7	8	46	20	1	20		6	11	119
Eiðar	2	1	2			6				11
Eskifjörður	1	1	16	14		5	1	1	19	58
Fáskrúðsfjörður			3	2		2			1	8
Fellabær		1	9	15		4		2	4	35
Hallormsstaður	2		3			2		1		8
Höfn	4		21			1		1	21	48
Iðavellir	1									1
Möðrudalur			1			1				2
Norðfjörður	5		25	23		3		4	14	74
Reyðarfjörður			7	26				1	16	50
Seyðisfjörður	7	3	14		1	8	17	4		54
Skriðuklaustur		6	7			7	1	12		33
Svartiskógur		1	1							2
Valþjófsstaður			3							3
Vopnafjörður		4	5			3		3	1	16
Samtals	31	27	171	101	2	65	21	36	88	542

* Sumar bæjar- og héraðshátíðir standa yfir í meira en 1 dag og innihalda menningarviðburði, en ekki eru aðgengilegar upplýsingar um hvers eðlis þeir eru.

Heimild: Könnun unnin fyrir Menningarráð Austurlands 2006. Viðburðir flokkaðir af Ívari Jónssyni.

Tafla 3**Menningarviðburðir á Austurlandi 1999 sem greint var frá og/eða auglýstir voru í fjölmiðlum**

	Sviðslistir	Bókmenntir	Tónleikar	Trúbadúr	Djass- hátíð (meira en 1 dagur)	Myndlist	Kvikmyndir	Saga, fyrirlestrar og handverka- sýningar	Dansleikir, bæjar- og héraðs- hátíðir og önnur afþreying	Samtals
Austurland	18	13	108	31	1	16	n.a.	19	192	398

Heimild: Könnun unnin fyrir Þróunarstofu Austurlands 2000. Viðburðir flokkaðir af Ívari Jónssyni.

Þegar tíðni viðburða sem flokka má sem menningarviðburði eru bornir saman milli tveggja tímupunkta, kemur fram að veruleg aukning hefur átt sér stað á undanförunum árum á Austurlandi. Samanburður á töflu 2 og 3 hér að ofan leiðir í ljós að mikil aukning á starfsemi hefur orðið á tímabilinu 1999 til 2005. Í heild fjölgaði viðburðum úr 398 í 542, eða um 36%. Aukningin var mest á myndlistarsviðinu, þ.e. úr 16 viðburðum í 65, eða

rúmlega 306% aukning. Á tónlistarsviðinu (tónleikar og trúbadúrar), var einnig mikil fjölgun viðburða eða úr 139 árið 1999 í 272 árið 2005, þ.e. um 96% aukning. Á sviði sviðslista varð fjölgun viðburða úr 18 í 31, eða rúmlega 72% aukning

ii. Fjölgun félaga og fyrirtækja á menningarsviðinu

Ekki liggja fyrir tölur um nýskráningu eða afskráningu félaga á menningarsviðinu á Austurlandi. Slíkra upplýsinga mætti afla hjá Lánstrausti eða Skýrr. Nefna má að veltutölur félaga gætu gefið vísbendingar um þróun umfangs menningarstarfsemi, en afar erfitt og kostnaðarsamt er að afla slíkra upplýsinga því félög í menningargeiranum heyra gjarnan undir starfsemi sem ekki er virðisauka- eða tekjuskattsskyld og því dugar lítið að fá upplýsingar frá skattfyrvöldum.

Flest félög á sviði menningarstarfsemi eru rekin sem hagnaðarlaus félög, þ.e. þau eru ekki hlutafélög, einkahlutafélög eða sameignarfélög. Samanburður á fjölda skráðra hagnaðarlausra félaga í menningargeiranum gefur óbeina vísbendingu um umfang starfseminnar.

Eins og kemur fram í töflunni hér að neðan eru fleiri skráð félög á Austurlandi á sviði menningarstarfsemi en í landinu öllu. Á Austurlandi eru um 35 félög á hverja 10000 íbúa, en í landinu öllu eru rúm 22 félög á hverja 10000 íbúa. Athygli vekur að Leiklistarstarfsemi og önnur menningar- og listastarfsemi (einkum fjölmiðlastarfsemi, sjá skilgreiningu á ICNPO 1100 í viðauka) er öflug. Fjöldi kóra er einnig mikill. Starfsemin er umfangsmeiri en í Reykjavík, en minni en á Vestfjörðum.

Tafla 4
Fjöldi félaga per 10000 íbúa 2005

ICNPO	Austurland	Reykjavík	Vestfirðir	Allt landið
1100 Tónlistarfélag ýmis konar	3,6	4,3	6,1	3,9
1100 Lestrarfélag	1,5	0,1	1,5	0,4
1100 Leikfélag	8,0	5,2	10,7	4,6
1100 Kirkjukórar	2,9	2,0	1,5	2,2
1100 Kórar	6,6	3,6	7,7	4,5
1100 Menningar og listastarfssemi önnur	12,4	8,2	15,3	6,8
	35,0	23,4	42,8	22,4
1200 Íþróttafélög	31,3	22,7	53,6	25,8
1300 Ferðafélög	4,4	1,7	1,5	1,9
1300 Félag ungmenna	21,1	2,4	19,9	7,7
1300 Hestamannafélög	7,3	0,3	3,1	2,0
1300 Veiðifélög	5,8	2,2	7,7	6,1
1300 Áhugamannafélög, ýmis	18,9	49,6	36,7	32,0
1300 Starfsmannafélög	13,1	34,8	38,3	25,4
2300 Skólar á sviði menningar og lista	3,6	1,7	6,1	1,9
	105,6	115,5	166,9	102,7
	Alls	140,6	138,9	209,7
				125,2

Heimild: Ívar Jónsson (2006) **Félagshagkerfið á Íslandi – félagaskrá**: Háskólinn á Bifröst.

iii. Fjölgun starfa á menningarsviði hjá sveitarstjórnnum og í menningarmiðstöðvum

Á Austurlandi eru starfræktar 4 menningarmiðstöðvar, en þær voru stofnaðar í kjölfar samnings ríkis og sveitarfélaganna árið 2001: Skaftfell, menningarmiðstöð á Seyðisfirði - sérhæfni: myndlist; Kirkju- og menningarmiðstöð í Fjarðabyggð (Eskifirði) - sérhæfni: tónlistarflutningur og sýningarhald; Menningarmiðstöð á Fljótshéraði (Egilsstaðir) - sérhæfni: sviðslistir; Menningarmiðstöð á Hornafirði - sérhæfni: sýningar, bókmenntir og handverk. Einn starfsmaður starfar í hálfu starfi í miðstöðvunum, Við menningarstöðvarnar eru því 4 stöður með 60-100% starfshlutfall helgaðar umsýslu um menningarstarfsemi. Auk starfsmanna menningarmiðstöðvanna sinna ýmsir starfsmenn sveitarfélaganna menningarmálum í hluta af sínum störfum.

IV.1.b) Að tryggja sem best frumkvæði og áhrif sveitarfélaganna við forgangsroðun verkefna og aukið samstarf þeirra við framkvæmd og stefnumótun menningarmála í landsfjórðungnum.

Í þessu skyni hafa sveitarfélögin á Austurlandi gert með sér tvo samninga um menningarsamstarf, þ.e. 14. maí 2001 og 15. mars 2005². Í þessum samningum eru ofangreind markmið tryggð með rekstri hinna fjögurra staðbundnu menningarmiðstöðva.

IV.1.c) Samræming aðgerða á sviði menningarmála á Austurlandi.

Samstarfssamningar sveitarfélaganna frá 14. maí 2001 og 15. mars 2005 gera ráð fyrir verkaskiptingu milli menningarmiðstöðva og stuðla þannig að samræmingu aðgerða á sviði menningarmála á Austurlandi.

IV.2 Fjárhagslegur árangur

Fjárhagslegar skuldbindingar samkvæmt samningi ríkis og sveitarfélaga frá 15. mars 2005.

Ríkið hefur staðið við skuldbindingar sínar um að leggja fram eftirfarandi upphæðir vegna samningsins: Árið 2005 36 millj. kr., 2006 37 millj. kr. og 2007 38 millj. kr.

Sveitarfélög samningsins skuldbundu sig til að leggja fram 180 milljóna króna heildarframlag á ári öll árin 2005-7. Í skýrslu Menningarráðs Austurlands³ kemur fram að samkvæmt upplýsingum úr bókhaldi sveitarfélaga samningsins (bókhaldslykill 5) voru útgjöld sveitarfélaganna til menningarmála 213.013.317 kr. árið 2005, 231.766.190 milljónir kr. árið 2006 og 260.555.841 skv. áætlun fyrir árið 2007. Vöxtur útgjalda milli áranna 2005 og 2006 var því 8,8%.

Í skýrslunni kemur einnig fram að sveitarfélögin hafa staðið við skuldbindingar sínar um árið 2005 nemi framlag sveitarfélaganna a.m.k. 10 hundraðshlutum af þeirri heildarfjárhæð sem veitt er til verkefnastyrkja, 17,5 hundraðshlutum árið 2006 og 25 hundraðshlutum árið 2007. Samkvæmt þessum skuldbindingum áttu sveitarfélögin að auka fjármagn Menningarráðsins með eigin framlagi eða stuðningi einkaaðila sem hér segir: 2005 (10%) 2 milljónir kr., 2006 (17,5%) 3,525 milljónir kr. og 2007 (25%) 5 milljónir kr. Heildargreiðslur sveitarfélaga og stuðningsfyrirtækja til samningsins eru meiri en þessu nemur, þ.e. 1 milljón kr. árið 2005, 5,5

² Samstarfssamningur sveitarfélaga á Austurlandi um menningarmál (2001)

http://www.skriduklaustur.is/menning/Syfel_menning2.doc og Samstarfssamningur sveitarfélaga á Austurlandi um menningarmál (2005) <http://www.skriduklaustur.is/menning/samnsveitar2005.htm>

³ Signý Ormarsdóttir (20. apríl 2007) Svar við tölvupósti frá Karítas H. Gunnarsdóttur frá 11. apríl 2007.

milljónir 2006 og áætlaðar eru 7 milljónir kr. árið 2007. Heildargreiðslur skv. þessu eru um 3 milljónir kr. umfram skuldbindingar.

Í Samningnum segir að hann komi ekki í veg fyrir að menningarstofnanir, félög og einstaklingar sem njóta styrkja á grundvelli samningsins sæki um styrki til opinberra sjóða á menningarsviðinu. Ekki liggja fyrir upplýsingar um umfang þessara styrkveitinga, en þær gætu varpað ljósi á hluta af margföldunaráhrifum samningsins.

Menningarráð Austurlands úthlutaði 58 styrkjum til menningarverkefna á Austurlandi árið 2006, samtals að upphæð 20,2 milljónir króna. Hæstu styrkir eru 1 milljón kr. en þeir lægstu 50 þúsund krónur. RARÍK og Kaupþing styður starf Menningarráðsins um eina milljón kr. á ári skv. samningi þar um frá 2006.⁴

IV.3 Í samningum um styrki til menningarverkefna skulu koma fram markmið verkefna og hvaða mælikvarðar verða lagðir til grundvallar þegar árangur er metinn

Eins og kom fram hér að ofan úthlutaði Menningarráð Austurlands 58 styrkjum til menningarverkefna á Austurlandi árið 2006, samtals að upphæð 20,2 milljónir króna.


Í mars 2007 úthlutaði Menningarráðið 70 styrkjum til menningarverkefna á Austurlandi, samtals að upphæð 24,3 milljónir króna. Hæsti styrkurinn var 1,2 m.kr. en sá lægsti 100 þús. kr. Alls bárust ráðinu 140 styrkumsóknir að þessu sinni sem eru fleiri en nokkru sinni fyrr.⁵

Eins og kemur fram hér að ofan hefur orðið umtalsverður vöxtur í styrkjum til menningarverkefna milli árána 2006 og 2007, eða 20,3%. Á myndinni hér að neðan má sjá þróun fjárhæða umsókna og veittra styrkja á árunum 2002-2007. Fram kemur að

⁴ Sjá: <http://www.skriduklaustur.is/menning/uthlutun2006.htm>

⁵ Sjá: <http://www.skriduklaustur.is/menning/uthlutun2007.htm>

Mynd 2
Styrkir Menningarráðs til menningarverkefna 2002-7
 Milljónir króna



Heimild: Óðinn Gunnar Óðinsson: Erindi við úthlutun styrkja Menningarráðs Austurlands 20. mars 2007.

Í þeim samningum sem Menningarráðið hefur gert við styrkþega hefur ekki verið gerð grein fyrir hvaða mælikvarðar verða lagðir til grundvallar þegar árangur er metinn. Þetta er ekki í samræmi við samning ríkis og sveitarfélaganna og torveldar mat á árangri. Það liggur því fyrir að leggja þarf töluverða vinnu í að þróa þessa mælikvarða.

V. Könnun meðal einstaklinga sem hafa haldgóða yfirsýn yfir þróun menningarstarfsemi á Austurlandi síðan 2001

Skýrsluhöfundur þessarar skýrslu óskaði eftir fé til að fjármagna skoðanakönnun sem hefði að markmiði að kanna þróun spurnar íbúa Austurlands eftir menningarstarfsemi á tímabilinu síðan 2001. Slík könnun gæti bætt verulega árangursmat þar sem til viðbótar við upplýsingar um “framboðshliðina” myndu koma upplýsingar um hvernig menningarstarfsemin horfir við neytendum eða unnendum hennar. Fé til þess háttar könnunar fékkst ekki þar sem fjármögnun til árangursmatsins gerir ekki ráð fyrir slíku. Í stað hennar var ákveðið að leita til “bestu aðila” sem hafa yfirsýn yfir þróun mála. Þessi könnun er eigindleg og hefur sem slík þá kosti umfram megindelega skoðanakönnun að draga fram upplýsingar og vísbendingar sem eru minna mótaðar af fyrirframgefnum sjónarmiðum höfundar skoðanakönnunar. Könnunin varpar betur ljósi á upplifun fólksins sjálfs sem spurt er og laðar fram nýjar upplýsingar, en alhæfingargildi eigindlegra kannana er minna en megindelega. Í þessu sambandi má hafa í huga hugleiðingar Albert Einstein, en hann hitti naglann á höfuðið þegar hann fullyrtaði að mikilvægi fyrirbæra sé ekki háð því hvort þau séu mælanleg í tölum: *“Not everything that can be counted counts, and not everything that counts can be counted”*

Vegna þessarar skýrslu var leitað var til 9 einstaklinga á sviði bókmennta, sviðslista, myndlistar, bæjarstjórnarmála og menningarmiðstöðva. Svör fengust frá 6 aðilum, en ekki

verður hér greint frá nöfnum þeirra til að forðast að skoðanir eða greining þeirra verði rekjanleg. Svör þeirra eru trúnaðarmál.

Eftirfarandi spurningar voru lagðar fyrir hópinn í lok ágúst 2007 og var þeim svarað í tölvupósti eða símleiðis:

- 1) Hefur framboð á menningarstarfssemi aukist síðan 2001 og/eða síðan 2005?
- 2) Á hvaða menningarsviðum hefur framboð aukist eða minnkað?
- 3) Hvaða ný félög eða fyrirtæki hafa verið stofnuð á menningarsviðinu síðan 2001 og/eða síðan 2005?
- 4) Hefur aðsókn eða eftirspurn almennings aukist síðan 2001 og/eða 2005?
- 5) Hver eru helstu óbeinu áhrifin af menningarstarfsemi?

Svör svarenda eru hnitmiðuð og skorinort og má lesa þau hér að neðan í heild sinni. Fyrst verða þó aðalatriðin dregin saman.

V.1. Samantekt á svörum könnunar.

- 1) Svör við spurningunni 'Hefur framboð á menningarstarfsemi aukist síðan 2001 og/eða 2005?'

Svarendur eru sammála um að framboð hafi aukist mikið á menningarviðburðum.

Menningarstyrkir hafa aukið framboð og leitt til markvissari menningarstarfsemi og aukins samstarfs milli staða.

- 2) Svör við spurningunni 'Á hvaða menningarsviðum hefur framboð aukist eða minnkað?'

Svarenda eru sammála um að framboð hafi aukist mest á tónlistar- og myndlistarsviðunum.

Einnig hafa listgreinar sem ekki voru áður í boði komið fram eins og videólistahátíðin. Aukin leiklistarstarfsemi er einnig nefnd. Einn svarenda nefnir að heimaviðburðum hafi fækkað og annar að óperustarfsemi hafi horfið af Austurlandi.

- 3) Svör við spurningunni 'Hvaða ný félög eða fyrirtæki hafa verið stofnuð á menningarsviðinu síðan 2001 og/eða síðan 2005?'

Af nýjum félögum eða fyrirtækjum nefna svarendur margvíslega aðila: Frú Norma

leiklistarfélag - Hornfirski Skemmtifélagið tónlistarfélag - Óperustúdíó Austurlands -

Tónlistarfélag Djúpavogs - Gallerí Bláskjár - LungA, listahátíð ungs fólks, Austurlandi -

700.is kvikmyndahátíð - Mini Cinema - Börnin Heim, grasrótarsamtök ungra listamanna af

Fljótsdalshérað - Eiðastóll og starfsemin þar - Sjóminja- og smiðjumunasafn Jósafats Hinrikssonar í Neskaupstað - Myndlistarsafn Tryggva Ólafssonar í Neskaupstað - Leikfélagið Djúpið - Leikfélag Verkmenntaskóla Austurlands – Fjarðabyggðarkórinn - Skriðuklaustur-sjálfsseignarstofnun - Jöklasafnið á Höfn - Þórbergsetrið í Suðursveit og myndlistarsetur Valtingoiers. Auk þess er bent á Menningarmiðstöðvarnar sem dæmi um nýjar stofnanir. Einn svarenda leggur áherslu á að stór hluti menningarstarfseminnar sé ekki formlega skráð félög eða fyrirtæki heldur sé hún borin uppi af sjálfboðaliðastarfsemi einstaklinga.

4) Svör við spurningunni 'Hefur aðsókn eða eftirspurn almennings aukist síðan 2001 og/eða 2005?'

Svarendur eru sammála um að aðsókn hafi aukist mikið. Þetta á þó minna við um jaðarlistir og jaðarstaði en stærri byggðarlög á Austurlandi.

4) Svör við spurningunni 'Hver eru helstu óbeinu áhrifin af menningarstarfseminni?'

Svarendur nefna að aukin og fjölskrúðugri menningarstarfsemi hafi haft mikil áhrif á sjálfsmynd íbúanna sem eru jákvæðari en áður. Mikið samstarf milli aðila á menningarsviðinu, bæði innan byggðalaga og milli þeirra, hefur eflt félagsauð á Austurlandi. Fyrirtækjum hefur reynt auðveldara að ráða til sín starfsmenn vegna blómlegri menningarstarfsemi. Einnig nefna svarendur að auðveldara sé að ráða utan að komandi atvinnulistamenn, en af þeim læri íbúarnir mikið og eflist í eigin listastarfsemi. Íbúarnir eru sagðir sáttari og ánægðari með lífið og tilveruna. Fjölbreytt menningarstarfsemi gerir Austurland að eftirsóknarverðari landshluta til búsetu. Einnig nefna svarendur að ný kynslóð hefur komið fram sem alist hefur upp í hinu nýja menningarumhverfi. Þessi unga kynslóð er bæði þroskaðri menningarlega en ungmenni voru áður og hún sækir í vaxandi mæli í listanáám og listsköpun.

V.ii. Svör svarenda

1) Hefur framboð á menningarstarfsemi aukist síðan 2001 og/eða 2005?

Svarandi númer 1:

”Ég held að framboð á menningarstarfsemi hafi aukist þó nokkuð frá 2001 og að gæði menningarstarfsins hafa aukist verulega. Einnig er umhverfi listamanna orðið betra og auðveldara að hrinda verkefnum í framkvæmd vegna betra aðgengis að fjármunum. Fyrstu árin eftir að samningurinn um Menningarráð Austurlands var undirritaður einkenndust af því að menn voru að læra á hvernig hann virkaði og einnig hvernig ætti að úthluta. Í raun held ég að við séum enn að læra á samninginn og er það gríðarlega mikilvægt fyrir menningarstarfið á

Austurlandi og á landinu öllu að þessi samningur verði sem langlífastur. Framboð á menningarstarfsemi kemur bara til með að aukast og dafna.”

Svarandi númer 2

“Nú er svo komið að frumkvöðlar á menningarsviði með litlar eða stórar hugmyndir geta snúið sér beint til úthlutunaraðila á vegum hins opinbera sem þekkir vel til svæðisins og á ég þar við Menningarráð Austurlands. Þetta hefur haft í för með sér að verkefni sem annars hefðu litla möguleika á öflugri fjármögnun komast af stað og halda lengra með hugmyndir sínar eftir jákvæð viðbrögð menningarráðs. Um leið og jákvætt svar um fjármögnun þaðan hefur borist er betra að eiga við framhaldið þar sem hluti fjármögnunar hefur þegar átt sér stað. Framboð hefur að mínu mati aukist töluvert á tímabilinu, ekki síst vegna menningarsamningsins. Það sem mér finnst að megi líka draga fram er það sem mér virðist vera aukin sókn ungra austfirðinga í nám í listum án þess að ég þori að fullyrða um það. Þar kemur gríðarlega sterk inn LungA hátíðin og menningarsamningurinn sem gerir svo margt mögulegt/sýnilegt. Bara úr þeim hópi sem ég þekki til eru mýmargir búnir að klára, farnir í eða stefna á háskólanám í listum.”

Svarandi númer 3

Þriðji svarandi svaraði símleiðis. Hann sagði að framboð viðburða hafi stóruaukist

Svarandi númer 4

“Að mínu mati hefur framboðið klárlega aukist og eins er áberandi að á seinni árum hefur verið ráðist í viðameiri menningarleg verkefni en áður. Tilkoma menningarmiðstöðvanna hefur eflt allt menningarlíf og gert starfsemina markvissari en áður.”

Svarandi númer 5

“Eftir því sem mér hefur sýnst hefur framboð á menningarstarfsemi aukist töluvert síðustu ár, hægt og bitandi og þá fyrst og fremst í sambandi við einstaklingsframtak nokkurra aðila.”

Svarandi númer 6

Svarandi númer 6 svaraði símleiðis.

Hann sagði framboð hafa aukist gífurlega og bæjar- og jasshátíðir vera orðnar margar á ári hverju. Samstarf milli staða er miklu meira nú en áður. Dæmi eru Lunga og kvikmyndahátíðir. Menningarstarfsemi í stóru stöðunum hefur aukist meira en í þeim minni, en Borgarfjörður er undantekning frá þessu. Fjölbreytni menningarviðburða hefur aukist á Austurlandi, en kórastarf hefur dottið niður á minni stöðum. Nú eru samkórar meira áberandi en áður. Kórum hefur fækkað en þeir eru nú stærri og metnaður er meiri”

2) Á hvaða menningarsviðum hefur framboð aukist eða minnkað?

Svarandi númer 1:

”Framboð hefur aukist í flestum listgreinum og hef ég orðið var við mikinn uppgang í listmálun til dæmis. Framboð á tónlist hefur aukist á tímabilinu og einnig hafa listgreinar sem ekki hafa sést á Austurlandi rutt sér til rúms eins og 700.is sem er vídeolistahátíð. Tónlistin hefur eflst mikið og komnar af stað hátíðir eins og Eistnaflug sem er einstök rokkhátíð á landsvísu og Vegareiði sem einnig er rokkhátíð. Menningarmiðstöðvarnar hafa farið ágætlega af stað en eins og áður sagði er þetta ekki langur tími sem samningurinn hefur verið í gildi og erum við enn að læra á hann. Framboð á menningarviðburðum ræðst ávalt af fólkinu sem býr á hverjum stað. Sama hvað aðgengi að peningum, húsnæði og þannig hlutum er mikið þá er

það fólk sem skapar listina. Við höfum verið heppin með marga þá sem hafa búið hér lengi og hlúð að menningarverðmætum okkar sem eru mikil. Ég tel menningarverðmæti vera hátíðirnar okkar, tónlistar- og leiklistarhóparnir okkar en fyrst og fremst fólkið sem heldur hlutunum gangandi. Einnig hefur uppgangur í fjórðungnum laðað að sér fjölda góðra listamanna.”

Svarandi númer 2

“Sjálfstæðum viðburðum og menningartengdum fyrirtækjum hefur fjölgað og má þar t.a.m. nefna Gallerí, Leikhús, myndlistarsýningar, hátíðir o.fl. Einnig hefur vilji sveitarfélaga til þátttöku í menningartengdri starfsemi með beinum eða óbeinum hætti orðið tilfinnanlega meiri og flest sveitarfélög eiga orðið menningarfulltrúa sem starfar á vegum þeirra, sum jafnvel sérstakar menningarnefndir.”

Svarandi númer 3

Hann taldi að aukning hafi verið mest á sviði myndlistar og tónlistar.

Svarandi númer 4

“Mér finnst áberandi að framboð hefur aukist mikið á sviði tónlistar. Kirkju- og menningarmiðstöðin á Eskifirði er sérhæfð á því sviði og hefur innt af hendi mikið starf. Þá hefur tónlistarlíf verið vaxandi víða í landshlutanum. Eins hefur leiklist eflst. Atvinnuleikhúsið Frú Norma hefur þar breytt miklu og auk þess hefur leiklistarstarfsemi blómstrað í framhaldsskólunum. Hvað varðar myndlist af öllu tagi ber helst að nefna starfsemina á Eiðum sem athyglisverða nýjung. Safnastarfsemi hefur einnig farið vaxandi og nægir þar að nefna eflingu safnanna í Fjarðabyggð og Jöklasafnið á Höfn. Ég tel að framboð hafi ekki minnkað á neinu sviði á fjórðungsvísu en hins vegar hefur tilkoma menningarhúsanna leitt til þess að tónleikar og sýningar sem áður voru í hinum ýmsu byggðakjörnum hafa flust þangað.”

Svarandi númer 5

“Það sem hefur minnkað hefur eins og það sem hefur aukist, tengst einstaklingum. Þegar Keith Reed flutti burt fór Óperan á Austurlandi með honum og það var heilmikill missir.”

Svarandi númer 6

Hann taldi að heimaviðburðum hafi fækkað en að nú væru viðburðir stærri og að meiri metnaður væri nú í menningarstarfinu. Atvinnulistafólk væri nú mun oftar fengið utan frá. Tónlistar- og myndlistarstarfsemi er nú orðin sterk, en leiklist þarf að styrkjast verulega. Sviðlistamiðstöð á Fljótsdalshéraði er mikilvæg í þessu sambandi því Norma og skólarnir standa bara fyrir þessu nú.

3) Hvaða ný félög eða fyrirtæki hafa verið stofnuð á menningarsviðinu síðan 2001 og/eða síðan 2005?

Svarandi númer 1:

”Það sem hefur gerst á þessum árum frá 2001 er það að samningurinn hefur rennt styrkari stöðum undir þau félög sem áður voru til og gert þeim auðveldara að setja upp metnaðarfullar sýningar. Þó eru nokkur félög sem ég man eftir sum ný og framsækin en sum deyjandi: Frú Norma leiklistarfélag, Hornfirska Skemmtifélagið tónlistarfélag, Óperustúdíó Austurlands, Tónlistarfélag Djúpavogs, Gallerí Bláskjár, samstarf kóra á Austurlandi og

Menningarmiðstöðvarnar td. Ég gæti hinsvegar talið upp fjöldan allan af hátíðum og viðburðum sem hafa sprottið upp þar sem einstaklingar framkvæma það sem þá langar til. Eistnaflug, Hljómsveitarvika, Trúbadorahátíðin, Jólafriður, ýmsar hljómsveitir sem fá styrki til tónleikahalds Bloodgroup td, Vegareiði, Leikfélög framhaldsskólanna og fleira. Það má segja að stofnun félaga og fyrirtækja á menningarsviðinu sé óplægður akur en eins og áður sagði hafa félögin sem áður voru til flest eflst.”

Svarandi númer 2

“Leikhús Frú Normu - LungA, listahátíð ungs fólks, Austurlandi - 700.is kvikmyndahátíð - Gallerí Bláskjár - Mini Cinema - Börnin Heim, grasrótarsamtök ungra listamanna af Fljótsdalshéraði”

Svarandi númer 3

Hann taldi að fjölgun félaga og fyrirtækja hafa ekki verið mikil, enda væri starffsemin að mestu sjálfboðaliðastarfsemi sem menningar- og listafólk ætti frumkvæði að héldi uppi. Hann sagði að mikið af nýjum tengslum og samstarfi milli aðila á menningarsviðinu hafi skapast á öllu svæðinu frá Norðurlandi til Norðausturlands. Einnig er meiri festa að skapast og samfella í starfinu. Menningarstarfsemin tengir landshlutana saman. Í dag er unnið markvisst að samstarfi stofnana á menningarsviði og samstarfi margvíslegra safna sem eru í ólíkum landshlutum. Hann nefndi einnig að meira væri nú um árvissa viðburði og skipulagða dagskrárgerð til lengri tíma. Menningarstarfsemin taldi hann nú orðið vera mikilvæga í markaðssetningu byggðarlaganna og Austurlands í heild.

Svarandi númer 4

“Það er örugglega tilviljanakennt hvað maður man í þessum efnum, en hér skulu nokkur nefnd: Eiðastóll og starfsemin þar, Sjóminja- og smiðjumunasafn Jósafats Hinrikssonar í Neskaupstað, Myndlistarsafn Tryggva Ólafssonar í Neskaupstað, Leikfélagið Djúpið-leikfélag Verkmenntaskóla Austurlands, Frú Norma, Fjarðabyggðarkórinn, Skriðuklaustur-sjálfsseignarstofnun, Jöklasafnið á Höfn, Þórbergssetrið í Suðursveit.”

Svarandi númer 5

“Tvö stærstu menningarfyribærin sem orðið hafa til upp á síðkastið eru atvinnuleikhúsið Frú Norma o svo gallerí Bláskjár. Bæði mjög öflug.”

Svarandi númer 6

Hann nefndi Lunga, djasshátíðir, Valtingoier og setur hans og að söfnum hefur fjölgað gífurlega. Í dag er mun meiri atvinnumennska í menningarstarfseminni, en áður var hún nær alfarið í höndum sjálfboðliða.

4) Hefur aðsókn eða eftirspurn almennings aukist síðan 2001 og/eða 2005?

Svarandi númer 1:

”Ég tel að eftirspurn og aðsókn hafi hvortveggja aukist. Með auknum gæðum viðburða eykst aðsókn og eftirspurn. Við munum þó glíma við það að við erum fámenn á Austurlandinu og eru því hóparnir sem sækja jaðarlistina ekki stórir. Menningarráðið verður þó að líta líka til þess hvaða viðburðir eru vel sóttir og láta þá viðburði ekki gjalda fyrir það. Eftirspurn almennings birstist nefnilega helst í þeim viðburðum sem eru vel sóttir.”

Svarandi númer 2

“Bæði aðsókn og eftirspurn hefur aukist í kjölfar vel heppnaðra verkefna og nægir þar að nefna LungA hátíðina sem var sú allra stærsta til þessa þetta árið. Einnig hefur framboð á sýningum atvinnulistamanna orðið meira og sveitarfélögin hafa verið að efla stuðning sinn við menningartengda starfsemi og nýta sér þjónustu þeirra listamanna sem kjósa að starfa á svæðinu.”

Svarandi númer 3

Hann sagði aðsókn og spurn almennings eftir menningarviðburðum augljóslega hafa aukist.

Svarandi númer 4

“Þessu er erfitt að svara. Aðsókn að menningarviðburðum er misjöfn en almennt er hún góð.”

Svarandi númer 5

“Um þetta get ég lítið sagt en mér hefur virst aðsókn á ýmsa menningarviðburði á Héraði hafa verið almennt góð.”

Svarandi númer 6

Hann sagði aðsókn almennings að menningarviðburðum bæði hafa aukist og minnkað. Ferðamenn sækja lítið viðburði t.d hátíðirnar. Ófullnægjandi samgöngur eru vandamál fyrir jaðarbyggðirnar og hindrar aðsókn milli staða, því of langt er að fara og veðurskilyrði oft slæm. Þessar aðstæður hindra einnig samstarf listamanna milli staða. Menningarsamningarnir taka ekki með í reikninginn ferða og gistikostnað sem er mikill fyrir Austurland samanborið við t.d. nágrannasvæði Reykjavíkur. Það er afar dýrt að fá utan að komandi listafólk og í þetta vantar að setja meiri peninga af hálfu ríkis jafna aðstæður milli landshluta ódýrt í nágrenni RVK

5) Hver eru helstu óbeinu áhrifin af menningarstarfseminni?

Svarandi númer 1:

”Það eru fjölmörg atriði. Öflugt menningarstarf þýðir stoltara samfélag. Ég held að við finnum öll til stols þegar aðrir landsmenn og erlendir ferðamenn tala um hvað Lunga var frábært í ár eða hvað James Carter var stórkostlegur á Jasshátíðinni. Hvað Bloodgroup eru að gera flotta hluti, hvað 700.is er furðuleg en skemmtileg hátíð, hvað Eistnaflug er umtalað meðal rokkhunda landsins, hvað er frábært að fara í Bræðsluna í Borgarfirði. Þegar er hringt frá fyrirtækjum í höfuðborginni og spurt hvert verði þema Rokkveislunnar í Neskaupstað í ár og hvar sé hægt að kaupa miða og svona mætti lengi telja. Einnig á menningin stóran þátt í vaxandi samfélagi hér eystra. Þó svo að sum bæjarfélög séu ekki búin að átta sig á því þá skiptir afreying og öflug menningarstarfsemi höfuð atriði þegar fólk flytur sig um set.”

Svarandi númer 2

“Aukin framleiðsla á menningu og listum hefur í för með sér fjölbreyttara, íhugulla og skemmtilegra samfélag þar sem hún á sér stað. Aukin umræða skapast um menn og málefni og möguleikar íbúa til dægrastyttingar/afþreyingar verða fleiri auk þess sem auknir möguleikar eru fyrir íbúa á þátttöku/frumkvæði í framleiðslu menningar í eigin samfélagi. Á austurlandi hefur mikil umræða skapast um menningartengda viðburði og þeir eru gríðarleg auglýsing fyrir fjórðunginn allan á landsvísu.”

Svarandi númer 3

Hann sagði ímynd staðanna út á við og sjálfsmýnd íbúanna vera mun jákvæðari nú en fyrir nokkrum árum. Þetta er mikilvægt fyrir fyrirtækin sem eiga auðveldara með að fá fólk til

starfa með skírskotun í aðgengi að menningu á stöðunum. Aukin gleði og fylling þeirra sem taka þátt í menningarstarfsemi bæði sem listamenn og neytendur er gífurlega mikilvæg fyrir einstaklingana og samfélögin í heild. Lista- og menntastofnanir eiga nú auðveldara með að fá fólk utanfrá til starfa og samstarfs og hækkar það menningarstig þeirra sem fyrir eru. Líklega er auðveldara nú en áður að ráða listafólk til starfa á stöðunum. Í kjölfar samstarfs milli lista- og menningarfólks og þátttöku almennings í menningarstarfi hefur félagsauður aukist verulega að mati svaranda. Samhyggð og samkennd í listinni auðveldar sameiningu sveitarfélaga.

Svarandi númer 4

“Þau eru margvísleg. Fjölbreytt menningarstarfsemi gerir Austurland að eftirsóknarverðari landshluta til búsetu. Auk þess verða íbúarnir sáttari og ánægðari með lífið og tilveruna þegar menningarlíf er fjölskrúðugt.”

Svarandi númer 5

“Að mínu viti hefur þátttaka ungs fólks verið það sem helst hefur heillað mig. Ungir krakkar hafa tekið þátt í sýningum og menningarviðburðum og verið duglegir að sækja þá viðburði sem í boði hafa verið. Allt í allt hefur hér verið öflug menningarstarfsemi síðustu ár þrátt fyrir tilfinnanlegan skort á húsnæði sem vonandi og líklega lagast og skánar með tilkomu Sláturhússins.”

Svarandi númer 6

Hann sagði óbein áhrif mikil af aukinni menningarstarfsemi undanfarinna ára. Mannlífið væri miklu skemmtilegra. Börnin hafa fengið eins konar menningarlegt uppeldi þau væru nú mun betri áheyrndur og áhorfendur menningarviðburða. Barnamenning hefði tekið stór skref fram á við. Börnin eru orðin góður efniviður fyrir framtíðina eins og sést af Lunga. Ný kynslóð ungs fólks hefur komið fram, en það er ekki fyrir en nú að margir nýir atvinnulistamenn af Austurlandi hafa komið fram.

Andrúmsloftið hefur breyst: Nú er fólk hætt að segja að það sé aldrei neitt um að vera á staðnum. Fólk er orðið miklu virkari þátttakendur í menningarstarfseminni og áhugasamara. Þetta hefur gerst á löngum tíma. Auk þess hefur ákveðin hugafarsbreyting átt sér stað meðal stjórnmalámana. Þeir eru mun jákvæðari en áður í garð menningarstarfsemi og þeir eru orðnir meðvitaður um mikilvægi menningar fyrir nærsamfélagið og atvinnulífið. Metnaður á menningarsviðinu er nú miklu meiri en áður og félagsauður er mun meiri vegna stóraukins samstarfs innan og milli staðanna.

V. Hvernig standa má að árangursmati í framtíðinni

- 1) Árangurmat er í þessari skýrslu að mestu bundið við “framboðshliðina”. Þetta er annmarki á skýrslunni því athyglisvert er bæði fyrir stjórnvöld, listamenn og menningarstofnanir að fá vitneskju um upplifun og óskir neytendanna. Því þarf að kanna einnig “eftirspurnarhliðina”, t.d. með skoðanakönnunum sem yrði gerðar með sama hætti og vissu millibili. Þannig fengjust upplýsingar sem nota má til að greina þróunartilhneigingar á meðal listunnenda og neytenda.

- 2) Þróa þarf mælikvarða sem lagðir eru til grundvallar árangursmats í verkefnasamningum Menningarráðsins. Þetta er bæði mikilvægt fyrir þá sem meta árangurinn og fyrir stefnumörkun Menningarráðsins sjálfs. Menningarráðið gæti í samstarfi við menntamálaráðuneytið tekið að sér að þróa slíka árangursmælikvarða.
- 3) Þróa þarf skýra og samkvæma mælikvarða sem gagnast til að meta árangur af sjálfum menningarsamningum menntamálaráðuneytisins, þannig að mögulegt sé að bera saman árangur milli menningarsamninga ólíkra landhluta.

Viðauki 1

Flokkunarstaðlar Sameinuðu þjóðanna á hagnaðarlausum félögum

ICNPO		Dæmi um starfssemi
Flokkur 1	Menningar- og tómstundastarfssemi	
1100	Menningar- og listastarfssemi	Bóka-, blaða- og tímaritaútgáfa; Útgáfa hljóðritaðs efnis; Kvikmynda- og myndbandaútgáfa og dreifing; Útvarps- og sjónvarpsstarfssemi; Leiklistar-, tónlistar-, myndlistar- og önnur listastarfssemi; Bóka- og skjalasöfn; Söfn og varðveisla sögulegra staða og bygginga
1200	Íþróttafélög og samtök	
1300	Önnur heilsuræktar- og tómstundafélög	
Flokkur 2	Menntun og rannsóknir	
2100	Menntastofnanir á forskóla og grunnskólastigi og tengd starfssemi	
2200	Menntastofnanir á framhaldsskólastigi	
2300	Aðrar menntastofnanir (starfsmenntun)	Tækni- og starfsmenntun á framhaldsskólastigi
2400	Rannsóknastarfssemi (læknisfræði-, vísinda- og tæknirannsóknir	Rannsóknir, tilraunir og þróunarstarfssemi í náttúruvísindum, verkfræði, samfélags- og hugvísindum
Flokkur 3	Heilbrigðismál	
3100	Sjúkrahús og endurhæfingarstofnanir	
3200	Hjúkrunarheimili	
3300	Geðhjálpastarfssemi og neyðarhjálp	Geðsjúkrahús og félagsráðgjöf
3400	Önnur heilbrigðisþjónusta	Læknis- og tannlæknisþjónusta, skolp-, sorp- og hreinlætisþjónusta þar sem heilbrigði manna er markmiðið
Flokkur 4	Félagsleg þjónusta	
4100	Félagsleg þjónusta	Félagsráðgjöf og félagsþjónusta
4200	Neyðaraðstoð	
4300	Tekjutrygging og fátækrahjálp	
Flokkur 5	Umhverfismál	
5100	Umhverfisvernd	Jurta- og dýragarðar og náttúruvernd. Skolp-, sorp- og hreinlætisþjónusta þar sem umhverfisvernd er markmiðið
5200	Dýraverndun	Dýralækningar og verndun svæða með dýraverndun að markmiði
Flokkur 6	Þróunarmál og húsnæði	
6100	Starfssemi sem hefur þróun efnahags- og félagslífs og þróun nærsamfélaga að markmiði	Atvinnuþróunarfélög og ráðgjafastarfssemi
6200	Húsnæðismálastarfssemi	Byggingarfélag og ráðgjafastarfssemi tengd byggingastarfssemi
6300	Atvinuráðgjöf og starfsþjálfun	
Flokkur 7	Lögfræði- og hagsmunagæslustarfssemi og stjórnsmál	
7100	Málefna- og	Málefna- og hagsmunagæslusamtök sem ekki

	hagsmunagæslusamtök	eru stéttarfélög
7200	Lögfræðileg þjónusta	Þjónusta tengd almannaöryggi
7300	Stjórnmalasamtök	Starfsemi stjórnmalasamtaka
Flokkur 8	Góðgerðarsamtök, líknarfélög og þjónustuklúbbar	
8100	Góðgerðasamtök sem veita fjárhagsaðstoð	
8200	Önnur góðgerðarsamtök, líknarfélög og þjónustuklúbbar	
Flokkur 9	Alþjóðasamtök	
9100	Alþjóðleg starfssemi	
Flokkur 10	Kirkjan (Þjóðkirkjan) eða önnur trúarleg samtök	
10100	Kirkjan (Þjóðkirkjan) eða önnur trúarleg samtök	
Flokkur 11	Fag- og stéttarfélög	
11100	Samtök atvinnurekenda	
11200	Fagleg starfsgreinafélög/sérfræðingafélög	
11300	Samtök launþega	
Flokkur 12	Önnur óflokkuð félög	
12100	Önnur óflokkuð félög	

Heimild: Sameinuðu þjóðirnar (2003) **Handbook on Non-Profit Institutions in the System of National Accounts**, New York: United Nations, bl.s. 36-40.

<http://www.jhu.edu/~gnisp/handbookdraft.html>